


Reykjavík, 29. febrúar 2024

Varðar: Pósthússtræti 13-15 – erindi frá byggingarfulltrúa (fyrirspurn)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. febrúar 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. febrúar 2024 þar sem spurt er hvort megi leigja út til lengri tíma íbúð í húsinu á lóð nr. 13 við Pósthússtræti.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti breytingar á deiliskipulagi Kvosarinnar, samþykkt 3. júlí 2008

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Pósthússtræti 13-15 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Kvosin, samþykkt 22. febrúar 1988 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr.13 við Pósthússtræti er íbúðarhús með veitingastað á jarðhæð, byggt árið 1984 skv. fasteignaskrá. Óskað er álit skipulagsfulltrúa á fyrirspurn þar sem spurt er hvort megi leigja út íbúð til lengri tíma en 90 daga í húsinu á lóð nr. 13 við Pósthússtræti. Í fyrirspurn er talað um rekstur í íbúðarhúsnæðinu, skammtímaleigu, t.d. til ferðamanna.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er, á svæði M1a sem umrædd lóð fellur undir, óheimilt er að breyta núverandi húsnæði, s.s. skrifstofuhúsnæði, íbúðum, verslunarhúsnæði í gististarfsemi. Mögulegt er þó að skilgreina gististarfsemi sem ákveðið hlutfall starfsemi nýrrar uppbyggingar, að undangenginni deiliskipulagsgerð, svo lengi sem hún skerði ekki gæði, stærð eða magn núverandi húsnæðis, s.s. skrifstofurýma, íbúða eða verslunarhúsnæðis, sem er fyrir. Ofangreind ákvæði eru ekki afturvirk. Á svæði M1a er einungis heimil gististarfsemi í flokki I, heimagistingu, sem er gisting á heimili gistasala að hámarki 90 daga, nema annað sé gefið til kynna í deiliskipulagi. Deiliskipulag heimilar ekki gististarfsemi á umræddir lóð. Því er tekið neikvætt í fyrirspurn.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri